

Fimmtudaginn 19. janúar 1978.

Nr. 33/1977. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Jökli Veigari Kjartanssyni
 (Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Viðar A. Olsen, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Lögreglumennirnir Ólafur Sigurvínsson og Torfi Einarsson á Ísafirði veittu hinn 23. ágúst 1975 kl. 0220 athygli bifreiðinni I 304, sem ekið var Hafnarstræti og Sólgötu þar í kaupstað. Í lögregluskýrslu kváðu þeir bifreiðinni hafa verið ekið „nokkuð greitt“, og var hún stöðvuð við húsið nr. 6 við Eyrargötu. Kveðast þeir hafa haft tal af öikumanni, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Töldu þeir hafa lagt „lítillhátta áfengisþef af andardrætti hans“. Var hann látinn gangast undir öndunarsýnispróf, er sýndi 3—4 stig. Í skýrslunni greinir, að ákærði hafi verið færður á lögreglustöð, og kl. 0230 tók lækni blóðsýni úr ákærða. Reyndist 0.75% alkohólmagn í blóðsýninu, eins og greinir í héraðsdómi.

Í beinu framhaldi af þessu tók Kristján J. Kristjánsson lögreglumaður skýrslu af ákærða. Samkvæmt henni kveðst ákærði hafa drukkið 1 lítið glas af portvíni „um kl. 02.00“. Í skýrslunni segir, að „lítillhátta“ áfengisþef hafi lagt af ákærða.

Ákærði kom fyrir dóm 16. janúar 1976. Kvað hann sig minna, að hann hafi drukkið eitt glas af portvíni, áður en hann ók bifreiðinni 23. ágúst 1975, og kvaðst hann ekki hafa neytt annars áfengis „fyrr um daginn eða daginn áður“. Á dómþinginu var honum kynnt niðurstaða blóðrannsóknar.

Eftir uppsögu héraðsdóms kom fyrir dóm Torfi Einarsson lögreglumaður. Skýrði hann sjálfstætt frá handtöku ákærða og kvað lítils háttar áfengisþef hafa lagt frá vitum hans. Lögreglumaðurinn staðfesti framburð sinn með drengskaparheiti.

Ólafur Sigurvinsson lögreglumaður kom eigi fyrir dóm, en hann lést 5. ágúst 1977.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði sé sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali. Varðar það við refsíákvæði þau, er þar greinir. Refsingu ber að ákveða samkv. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976 og 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og samkv. 45. gr. laga nr. 82/1969. Brot ákærða er ítrekað, og eiga ákvæði 71. gr. almennra hegningarlaga beint við um það.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 30.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jökull Veigar Kjartansson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 10. júní 1976.

Mál þetta er höfðað af hálfu ákærvaldsins með ákæru, dagsettri 7. maí 1976, birtri 10. júní 1976, á hendur Jökli Veigari Kjartanssyni, Fjarðarstræti 47, Ísafirði, fæddum þar í bæ 21. desember 1948, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 23. ágúst 1975 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Í 1304 heiman að frá sér um Sól-götu, Hafnarstræti og Aðalstræti niður á höfn og sömu leið til

baka og að Eyrargötu 6, þar sem lögreglan hafði afskipti af honum.

Telur ákærvaldið þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Krefst ákærvaldið þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt kær- um og refsingum sem hér segir:

1967 19/7 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 45. gr. umferðarlaga.

1975 14/3 Ísafirði: Sátt, 18.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 31/12 1974.

Málsatvik.

Klukkan 0220 aðfaranótt laugardagsins 23. ágúst 1975 veittu lögreglumenn á Ísafirði athygli bifreiðinni I 1304, sem ekið var um Hafnarstræti og Sólgötu að húsinu nr. 6 við Eyrargötu. Höfðu lögreglumennirnir tal af ökumanninum, sem var Jökull Veigar Kjartansson, ákærði í máli þessu, og fundu þeir áfengisþef af andardrætti hans. Var hann því færður á varðstofu, þar sem honum var tekið blóðsýni. Þá var tekin af honum skýrsla um meinta ölvun við akstur. Kvaðst ákærði samkvæmt henni hafa komið frá Fjarðarstræti 47 og hafa verið að aka um bæinn. Kvaðst ákærði hafa drukkið eitt lítið glas af portvíni og hefði hann ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði staðfesti framanritað fyrir rétti.

Samkvæmt niðurstöðu blóðrannsóknar reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða vera 0.75‰.

Niðurstaða.

Samkvæmt framansögðu og öðrum gögnum málsins telst sann- að, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega lýst. Er háttsemin færð til rétttra refsíákvæða, og ber því að fallast á kröfur ákærvalds- ins í málinu. Með því að um ítrekað brot er að ræða, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 per analogiam, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga. Svipta ber ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jökull Veigar Kjartansson, sæti varðhaldi í 15 daga. Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa. Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. janúar 1978.

Nr. 46/1977. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Helga Steingrímssyni
 (Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa framhaldspróf verið háð í málinu. Katrín Þorkelsdóttir lögreglumaður hefur staðfest lögregluskýrslu sína um handtöku ákærða og athuganir í sambandi við hana. Þorgrímur Skjaldarson, sem var farþegi í bifreið ákærða hinn 26. maí 1976, hefur einnig komið fyrir dóm. Kveður hann ákærða og farþegana þrjá, sem í héraðsdómi greinir, hafa neytt áfengis í Nauthólsvík. Telur vitnið ákærða þó eingöngu hafa neytt þar léttis víns, en hin hafi einnig drukkið sterkt áfengi. Hann kveður þau hafa verið komin að veitingahúsinu Klúbbnum „upp úr kl. 21.00“. Er þangað kom, hafi þau öll tekið að neyta þeirra vínfanga, sem í bílnum voru. Kveður vitnið, að drukkið hafi verið „allfast á skammri stund“. Vitnið tekur fram, að það hafi verið mjög ölvað í umrætt sinn, en telur sig þó muna rétt til atburða. Loks hefur ákærði komið að nýju fyrir dóm. Stað-